

Bæjarfélagið Garðabær

Garðatorgi 7, 210 Garðabær.

Garðabær, 1.nóvember 2021.

Erindi: Siglingaklúbburinn Vogur kt. 590380-0169.

Flokkur: Íþrótt- og tómstundamál.

Efni: Bætt aðstaða í Arnarvogi í Garðabæ

Erindi þetta er sent Garðabæ í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árin 2022-2025.

Siglingaklúbburinn Vogur er íþróttafélag sem starfrækt er í Garðabæ. Í siglingaklúbbnum eru formlega skráðir 136 meðlimir en gríðarlegur áhugi er á starfseminni og á facebook síðu klúbbsins eru skráðir 706. Í apríl s.l. var klúbburinn samþykktur sem aðildarfélag að Ungmennasambandi Kjalarnespings (UMSK), sjá meðfylgjandi staðfestingu frá framkvæmdastjóra UMSK.

Siglingaklúbburinn hefur á stefnuskrá sinni að efla íþrótt- og tómstundastarf í sviði siglinga og sjósports í Garðabæ. Aðstaða félagsins er hins vegar afar bágborin í Arnarvogi í Garðabæ. Klúbburinn telur mikla möguleika vera á eflingu og útbreiðslu íþróttarinnar og tengdrar afþreyingar í Arnarvogi og sendir því erindi þetta til Garðabæjar um ósk um fjárveitingu.

Í íbúakosningu í Garðabæ sem bar heitið “Betri Garðabær” og fór fram á tímabilinu 26.maí til 7.júlí s.l. fékk bætt aðstaða til siglinga góða kosningu. Á þeim grunni fékk klúbburinn kr. 20 milljónir til ráðstöfunar til útbúa bætta aðstöðu í Arnarvogi eða á lóðinni Ránargund 2 í Garðabæ. Klúbburinn telur mikilvægt að Garðabær fylgi eftir vilja íbúanna í kosningunni með frekari fjárveitingum til eflingar á starfseminni. Miklir möguleikar eru á lóðinni tengdir siglingum, sjósundi og annarri tómstundastarfsemi til eflingar á lýðheilsu bæjarbúa. Það á ekki síst við um barna og unglingastarf, en hingað til hefur skort upp á að boðið sé upp á slíka aðstöðu og möguleika, t.d. skipulögð námskeið fyrir börn svipað og aðrir klúbbar bjóða upp á. Bent skal á að nágrannasveitafélög bæjarins, þ.e. Hafnarfjörður, Kópavogur og Reykjavík bjóða upp á slíka starfsemi. Einnig má benda á glæsilega uppbyggingu siglingastarfsemi á Akureyri.

Klúbburinn hefur þegar undirbúið hugmyndir og mögulegar framkvæmdir í Arnarvogi. Teikningar að rampi eru tilbúnar, aflað hefur verið tilboða í steypu fyrir rampinn, tilboða í flotbryggjur og báta sem gætu nýst klúbbnum. Sjá meðfylgjandi gögn. Til viðbótar hafa verið settar upp hugmyndir að teikningum af húsnaði sem einnig getur nýst annars konar starfsemi á svæðinu og skapar mjög áhugaverða umgjörð um siglingar og aðra heilsutengda starfsemi í Arnarvogi. Það er mikill hugur í klúbbmeðlimum og til framtíðar er horft til þess að gerður verði þjónustusamningur við bæjarfélagið og mögulega samningur við aðra aðila á svæðinu sem tengt gæti svæðið enn betur saman og skapað þannig frábæra umgjörð á fallegum stað.

Fulltrúar Siglingaklúbbsins Vogs eru að sjálfsögðu reiðubúnir að hitta forsvarmenn bæjarfélagsins og fara betur yfir áformin.

Með von um góðan skilning,

f.h. Siglingaklúbbsins Vogs

Erlendur Kári Kristjánsson, formaður.

Meðfylgjandi:

1. Staðfesting á aðild að UMSK.
2. Teikning af rampi.
3. Tilboð í steypu.
4. Tilboð í flotbryggju.
5. Verðupplýsingar um báta.
6. Hlekkur á 3D teikningu